



SKÝRSLA STJÓRNAR TIL HLUTHAFA BERU HF. UM FRAMKVÆMD STARFSKJARASTEFNU 2025

Lögð fram á aðalfundi félagsins hinn 13. maí 2026

Starfskjarastefna og launaþróun

Á aðalfundi Beru hf. (áður Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.) í maí 2025 var þágildandi starfskjarastefna félagsins samþykkt með fáeinum breytingum. Í starfskjarastefnunni segir að markmið hennar sé að starfskjör hjá félaginu og dótturfélögum þess séu þannig uppbyggð að þau stuðli að því að rekstrar- og árangursmarkmiðum á hverjum tíma verði náð og að hluthafar hafi áhrif á og innsýn í stefnu félagsins um starfskjör forstjóra, annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna. Starfskjarastefnan taki mið af langtímahagsmunum samstæðunnar, eigenda, viðskiptavina og starfsfólks þess.

Heildarkostnaður félagsins vegna launa og launatengdra gjalda á fjárhagsárinu 2025, þ.e. sem lauk 28. febrúar 2026, var 6,4 ma. kr., sem er 21% hækkun milli ára. Mestu munar um innkomu Kjarnavara og Gæðabaksturs í samstæðuna eða 9,6%, fjölgun starfsfólks eða 5,8% (vegna innvistarverkefna) og kjarasamningsbundnar hækkunar sem höfðu 4,1% áhrif milli ára.

Kaupaukar

Samkvæmt starfskjarastefnu félagsins er heimilt að greiða forstjóra og öðrum æðstu stjórnendum félagsins kaupauka á grundvelli sérstakra áætlana þar um sem stjórn félagsins ákveður að fenginni umsögn starfskjaranefndar, í formi árangurstengdra greiðslna, afhendingar hluta í félaginu eða veitingu kaupréttar. Skulu kaupaukar miðast við frammistöðu viðkomandi starfsmanns, afkomu félagsins, mikilvæga áfanga í rekstri og starfsemi félagsins, þ. á m. hvort settum markmiðum hefur verið náð. Eru kaupaukar þannig að hluta til tengdir þróun EBITDA félagsins og að hluta til persónulegum árangri viðkomandi starfsmanns m.t.t. fyrir fram skilgreindra markmiða. Kaupaukagreiðslur forstjóra eru ákvarðaðar af stjórn, en kaupaukagreiðslur annarra starfsmanna af forstjóra. Ekki er gert ráð fyrir að kaupaukar verði greiddir stjórnarmönnum.

Heildarfjárhæð veittra kaupauka til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda á starfsárinu var 37,7 m.kr. (43,5 m.kr. að meðtöldum launatengdum gjöldum). Nemur fjárhæð veittra kaupauka 0,7% af heildarlaunakostnaði á samstæðugrundvelli.

Kjör stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjórnar

Eftirfarandi eru laun og hlunnindi forstjóra, aðal- og varamanna í stjórn og framkvæmdastjórnar fyrir árin 2024 og 2025 (fjárhæðir í þús. kr.):

	2025 Laun og hlunnindi	2024 Laun og hlunnindi
Bogi Þór Siguroddsson, stjórnarformaður	kr. 10.260	kr. 7.711

Októ Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður*	-	kr. 3.240
Hermann Már Þórisson, varaformaður stjórnar og meðlimur endurskoðunarnefndar	-	kr. 1.815
Gerður Huld Arinbjarnardóttir, stjórnarmaður og meðlimur endurskoðunarnefndar	kr. 6.370	kr. 5.936
Magnús Árnason, varaformaður stjórnar og meðlimur starfskjaranefndar	kr. 7.911	kr. 7.048
Rannveig Eir Einaradóttir, stjórnarmaður og meðlimur starfskjaranefndar	kr. 5.870	kr. 5.510
Sigríður Elín Sigfúsdóttir, stjórnarmaður og meðlimur endurskoðunarnefndar	kr. 6.370	kr. 4.785
Andri Þór Guðmundsson, forstjóri (frá 2004-2026)	kr. 69.006	kr. 64.295
Aðrir aðilar í framkvæmdastjórn** (2025: 9, 2024: 8)	kr. 262.389	kr. 257.432
Samtals:	kr. 368.176	kr. 357.772

Laun og hlunnindi sem greidd eru til stjórnarmanna innihalda greiðslur vegna setu þeirra í undirnefndum stjórnar. Forstjóri og framkvæmdastjórnar fengu kaupakgreiðslur vegna 2025 sem og vegna 2024.

Hinn 28. febrúar 2026 lét Andri Þór Guðmundsson af störfum sem forstjóri félagsins og undirrituðu félagið og Andri sérstakan starfslokasamning að því tilefni. Samkvæmt starfslokasamningnum greiðir félagið Andra umsamin mánaðarlaun samkvæmt ráðningarsamningi á uppsagnarfresti. Taki Andri á uppsagnarfresti sæti í stjórn félagsins og þiggi sem stjórnarmaður greiðslur frá félaginu umfram hefðbundin stjórnarlaun fellur niður frekari skylda félagsins til greiðslu launa hans á uppsagnarfresti.

Þá mælir starfslokasamningurinn fyrir um að réttindi Andra samkvæmt kaupréttarsamningum að hlutum í félaginu skuli gerð upp með eingreiðslu af hálfu félagsins að fjárhæð kr. 42.839.000. Var greiðslan innt af hendi hinn 1. apríl sl. Við ákvörðun greiðslunnar var miðað við að Andri neytti alls útistandandi kaupréttar síns samkvæmt kaupréttarsamningum frá 2021 og 2023 á umsömdu kaupréttarverði og seldi hlutina á verði pr. hlut sem jafngildir meðaldagslokagengi hlutabréfa í félaginu undanfarna 60 viðskiptadaga fyrir starfslok, eða genginu 17,426.

Kaupréttir

Bera hefur gert samninga við tiltekið lykilstarfsfólk um kauprétt að hlutum í félaginu, í samræmi við ákvæði starfskjarastefnu félagsins. Heildarfjöldi útistandandi kaupréttar sem Bera hefur veitt lykilstarfsfólki nemur nú 75.212 þús. hlutum, eða um 2,6% hlutafjár í félaginu.

Næstu nýtingardagar kaupréttar samkvæmt fyrirliggjandi kaupréttarsamningum eru eftirfarandi:

Í maí 2026 verður hægt að nýta 30% kaupréttar samkvæmt kaupréttarsamningum frá 2021. Verða þá kaupréttir samkvæmt þeim samningum fullnýttir.

* Laun greidd vegna stjórnarsetu í Danól ehf., dótturfélagi félagsins, innifalin.

** Um er að ræða sex stjórnendur hjá Beru hf. og framkvæmdastjóra Danól ehf., Gæðabaksturs ehf. og Kjarnavara ehf. eða alls níu lykilstjórnendur. Framkvæmdastjórnar Gæðabaksturs ehf. og Kjarnavara ehf. voru bara inni í þrjá mánuði.

Í apríl 2027 verður hægt að nýta 30% kaupréttar samkvæmt kaupréttarsamningum frá 2023.

Í júlí 2025 samþykkti stjórn félagsins kaupréttaráætlun í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, en á grundvelli hennar var öllum fastráðnum starfsmönnum félagsins og dótturfélaga þess boðinn kaupréttur að hlutum í félaginu fyrir allt að kr. 750.000 á ári næstu þrjú ár, fyrst í september 2026. Alls þáðu 303 starfsmenn Beru og dótturfélaga þess kauprétt samkvæmt áætluninni og áttu hinn 28. febrúar 2026 rétt til þess að kaupa 37.152 þús. hluti í félaginu á næstu þremur árum á genginu kr. 18,35 á hlut.

Heildarfjöldi útistandandi kaupréttar sem Bera hefur veitt starfsfólki á grundvelli kaupréttaráætlunar eru 37.152 þús. hlutir eða 1,3% hlutfjár í félaginu. Samtals útistandandi kaupréttir nema 112.364 hlutum eða 3,9% hlutfjár í félaginu.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins sem verður haldinn 13. maí 2026 að hækkunarheimild stjórnar skv. 2. mgr. 4. gr. í samþykktum félagsins verði hækkuð um kr. 38.000.000 að nafnverði og hún framlengd til 13. maí 2031, þannig að félaginu gefist kostur á að gefa út frekari kauprétti til starfsmanna félagsins.

Launajafnrétti og fjölbreytileiki

Bera hefur sett sér jafnréttis- og fjölbreytileikastefnu, sem felur í sér skuldbindingu félagsins um stöðugar umbætur í jafnréttismálum og fjölbreytileika í starfsemi samstæðunnar. Markmið stefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu alls starfsfólks og jöfnum tækifærum óháð kyni, aldri og uppruna, og að koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun, en í stefnunni er m.a. kveðið sérstaklega á um launajafnrétti. Félagið og dótturfélög þessi greiða starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.

Félagið hlaut áframhaldandi jafnlaunavottun árið 2025 og gildir sú vottun í þrjú ár eða til ársins 2028. Í síðustu launagreiningu (nóvember 2025) mældist launamunur 0,1%.

Þá hefur Bera hlotið vottun Samtakanna 78 sem hinsegin vænn vinnustaður.